

## Fyrirspurn

til félags- og vinnumarkaðsráðherra um fjölda örorkulífeyrisþega og bótasvik.

Frá Birgi Þórarinssyni.

- Hvaða rannsóknir og niðurstöður liggja fyrir um umfang bótasvika sem felast í því að einstaklingar eru metnir öryrkjar án þess að gildar ástæður liggi þar að baki?
- Hver eru hugsanleg áhrif bótasvika á árleg útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins í umræddum málaflokki? Hvaða upplýsingar liggja fyrir um þetta annars staðar á Norðurlöndum?
- Hvernig er staðið að rannsóknum og eftirliti með því að örorkumat sé reist á raunhæfum forsendum um heilsufar þeirra einstaklinga sem í hlut eiga?
- Til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að treysta mat á örorku?
- Hvaða ástæður telur ráðherra liggja að baki eins örri fjölgun örorkulífeyrisþega undanfarin ár sem raun ber vitni?
- Hefur fjölgun örorkulífeyrisþega hér á landi haldist í hendur við fjölgun þeirra annars staðar á Norðurlöndum? Ef ekki, hverjar telur ráðherra vera helstu skýringar á því og til hvaða aðgerða gefur það tilefni til að grípa?

Skriflegt svar óskast.